

**88. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
18. september 2018 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Ragnar B. Sæmundsson varaformaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir aðalmaður, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1809113 - Sumarnámskeið 2018

Skýrsla frístundamiðstöðvarinnar Þorpsins um sumarnámskeið 2018.

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála situr fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar góða kynningu á skýrslu frístundamiðstöðvarinnar Þorpsins um sumarnámskeið 2018. Lagt er til að það komi inn tillaga að vori um næsta sumarleikjanámskeiði 2019. Einnig að þjónustubörf frístundar á Akranesi verði rýnd enn frekar í samstarfi við deildarstjóra frístundaheimilanna.

2. 1809115 - Starfsemi íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar

Opnunartími íþróttamannvirkja á Akranesi.

Ágústa Rósa Andrésdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar situr fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar forstöðumanni greinargóða lýsingu á opnunartíma íþróttamannvirkja á Akranesi. Óskað er eftir því að forstöðumaður leggi fram útfærðar hugmyndir sínar og kostnaðarmeti þær sem rúmast ekki innan fjárhagaáætlunar.

3. 1809114 - Staða dagforeldra 2018

Upplýsingar um stöðu dagforeldra á Akranesi 2018.

Skóla- og frístundaráð þakkar góða samantekt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Bára Daðadóttir
Sandra M. Sigurjónsdóttir
Ragnar B. Sæmundsson